

**3498. fundur bæjarráðs, haldinn á Garðavöllum,  
13. apríl 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2203031 - Fundargerðir 2022 - Stýrihópur um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu**

Fundargerð 1. fundar stýrihóps um uppbyggingu Kalmansvöllum 5 - 4. mars 2022.  
Fundargerð 2. fundar stýrihóps um uppbyggingu Kalmansvöllum 5 - 17. mars 2022.  
Fundargerð 3. fundar stýrihóps um uppbyggingu Kalmansvöllum 5 - 24. mars 2022.  
Fundargerð 4. fundar stýrihóps um uppbyggingu Kalmansvöllum 5 - 7. apríl 2022.

*Lagt fram.*

**2. 2203032 - Fundargerðir 2022 - Samfélagsmiðstöð Dalbraut 8 - stýrihópur**

Fundargerð 1. fundar stýrihóps um Samfélagsmiðstöð - 21. mars 2022.

*Lagt fram.*

**3. 2201152 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022**

590. mál yður til umsagnar - frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð).

*Lagt fram.*

**4. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Bæjarstjórn Akraness og fulltrúar ÍA gerðu með sér samkomulag um heildarúthlutun fjármuna vegna ársins 2022 til og með 2026 í desember síðastliðnum.

Frá þeim tíma hafa fulltrúar bæjarstjórnar og ÍA ásamt embættismönnum Akraneskaupstaðar að útfærslu þjónustusamnings um samstarfið sem nú liggur fyrir til samþykktar.

RÓ vísar af fundi undir þessum lið og ÓA tekur sæti á fundinum í hennar stað.

*Bæjarráð samþykkir þjónustusamning Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalagsins vegna árána 2022 til og með 2026 og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Bæjarráð fagnar niðurstöðunni og þakkar fulltrúum ÍA fyrir samvinnunna í ferlinu.*

*Samþykkt 3:0*

*ÓA vísar af fundi og RÓ tekur sæti á fundinum að nýju.*

**5. 2204091 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2021 - A hluti**

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2021 - A hluti

- 1.1 Aðalsjóður
- 1.2 Eignasjóður
- 1.3 Byggðasafnið í Görðum
- 1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi situr fundinn undir liðum nr. 5 til og með nr. 7.

*Bæjarráð staðfestir ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. vegna ársins 2021 verði samþykktir.*

*Samþykkt 3:0*

**6. 2204098 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2021 - B-hluti**

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2021 - B hluti

- 2.1. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
- 2.2. Gáma
- 2.3. Háhiti ehf.
- 2.4. Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

*Bæjarráð staðfestir ársreikning Gámu með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis vegna ársins 2021 verði samþykktir.*

*Samþykkt 3:0*

**7. 2204099 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2021 - samstæða**

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2021.

*Bæjarráð staðfestir samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar með undirritun og leggur til við bæjarstjórn Akraness að reikningurinn vegna ársins 2021 verði samþykktur.*

*Samþykkt 3:0*

*Jóhann Þórðarson vísar af fundi.*

**8. 2204078 - Brekkubæjarskóli - ósk um aukningu á stöðugildi**

Ósk um aukningu á stöðugildi í Brekkubæjarskóla.

*Bæjarráð, með vísan til meðfylgjandi skýringa skólastjóra Brekkubæjarskóla, samþykkir framlengingu á ráðningu iðjupjálfa í 80% stöðu við skólann tímabilið frá 6. apríl til og með 9. júní næstkomandi.*

*Kostnaður vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 1.123.000, færast á deild 04220-1691 og er mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi.*

*Samþykkt 3:0*

**9. 2204095 - Slökkviliðsmenn - styrkbeiðni vegna ferðar á Rauða hanann**

Styrkbeiðni frá slökkviliðsmönnum sem hafa hug á að fara á Sýninguna "Rauða hanann" í Þýskalandi í júní 2022.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta bæjarráðsfundar.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:55.**